

16. febrúar 2024.

Efni: Umsögn um drög að lagafrumvarpi um tímabundin rekstarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík. Mál 675.

Þann 8. febrúar síðastliðinn birtust drög að lagafrumvarpi um tímabundin rekstarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík mál nr. 675.

Undirrituð gera athugasemdir við hversu langur tími er liðinn frá því að atvinnustarfsemi hefur verið í gangi þangað til drög að lagafrumvarpi um tímabundin rekstrarstuðning koma fram.

Undirrituð gera einnig athugasemd að drög þessi gera ráð fyrir rekstarstuðning til og með apríl 2024. Fjölskyldufyrirtækið okkar sem er í smásölurekstri hefur verið lokað síðan kl. 18:30, 10. Nóvember 2023. Á fundi með Almannavörnum 15. febrúar sl. sem fjallaði að mestu leyti um aukið aðgengi fyrirtækja að Grindavíkurbæ spurði undirrituð Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjóran á Suðurnesjum hvort að þau sæu fyrir sér að íbúar gætu búið í Grindavík og hvort opnað yrði fyrir ferðamenn á þessu ári sem er algjör rekstrargrundvöllur fyrir því að starfsemi geti hafist. Svarið var óljóst með íbúana og á þann veg að tíminn verður að leiða það í ljós en það mátti skilja að ferðamenn fengu ekki aðgengi að bænum 2024. Með hvorki íbúa með ferðamenn í bænum þá er ljóst að rekstrargrundvöllur í smásölurekstri er enginn á árinu.

Við þurfum langtímaúrræði. Hinn 9. febrúar sl. birst í samráðsgátt drög að lagafrumvarpi um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, mál nr. S-38/2024 en í frumvarpinu er lagt til að einstaklingum standi til boða að selja félagi í eigu ríkisins íbúðarhúsnæði sitt í Grindavík. Samkvæmt frumvarpinu er markmið þess að verja árhag og velferð íbúa í Grindavík í ljósi óvissuástands vegna jarðhræringa með því að gefa einstaklingum í bæjarfélaginu kost á að losa sig undan þeirri áhættu sem fylgir eignarhaldi íbúðarhúsnæðis í bænum. Frumvarpið nær ekki yfir atvinnuhúsnæði og er að mati undirritaðra óréttlæt看legt.

Undurrituð óska þess að lagafrumvarpið um tímabundinn rekstarstuðning verði endurskoðað og unnin verði að langtímaúrræði en ekki skammtímaúrræði.

Eins og áður hefur komið fram er rekstrargrundvöllur í smásölu rekstri enginn árið 2024. Undirrituð fara því fram á að frumvarpinu verði breytt og gefi lögaðilum í bæjarfélaginum kost á að losa sig undan þeirri áhættu sem fylgir eignarhaldi atvinnuhúsnæðis, fylgifés og annarra rekstartengdra muna í bænum og farið verði í uppkaup á atvinnuhúsnæði og rekstartengum munum þeirra lögaðila sem þess óska. Vísa í umsögn SA um frumvarp til laga um kaup á íbúðarhúsnæði síðan 12. febrúar þar sem eftirfarandi kemur fram;

“Fasteignir og lausafé sem er brunatryggt er vátryggt í samræmi við lög nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Lögin mæla m.a. fyrir um skyldu til að vátryggja allar húseignir gegn tjóni af völdum náttúruhamfara. Gera lögin engan greinarmun á atvinnu- og íbúðarhúsnæði í því sambandi. Allar sömu takmarkanir er að finna í skilmálum trygginga vegna atvinnuhúsnæðis er varða tjón sem hlýst af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla eða annarra náttúruhamfara (force majeure) og

í tryggingum sem snúa að íbúðarhúsnæði. Eigendum atvinnuhúsnæðis stendur því ekki til boða frekari tryggingavernd gegn náttúruhamförum en öðrum fasteignaeigendum.”

Undirrituð gera einnig athugasemd á að ekki er tekið á því í drögum frumvarpsins hvernig bæta eigi þau verðmæti/tjón og annan kostnað sem sem fyrirtæki í bænum hafa orðið fyrir til dagsins í dag við verðmætabjörgun á þessum hamfaratímum.

Virðingarfyllst

f.h. Maraþon ehf

Benný Ósk Harðardóttir

Kári Steinsson